

Baum til drullueldhús

A wooden table outdoors, supported by stacked tires, holds various cooking items including pots, pans, and fresh ingredients like herbs and tomatoes. A red structure is visible on the left.





Búum til drullueldhús

að opna undraverðan
heim drillumallsins

Jan White og Liz Edwards



OPNUM
ÚT





Early Childhood Outdoors

Prófessor Jan White er annar af stofnendum og stefnumótandi yfirmaður samtakanna Early Childhood Outdoors. Hún er höfundur bókarinnar Core Values for Outdoor Play og ritstjóri Outdoor Provision in the Early Years (Sage 2011).



MUDDYFACES

Liz Edwards er stofnandi og aðal hugmyndasmiður Muddy Faces. Hún er höfundur Knife Use with Groups - a Forest School Leaders Guide og eigandi Outdoor Hub.

Höfundarréttur

Búum til drullueldhús, texti og myndir Jan White og Liz Edwards (2018)

Höfundarréttur texta © Jan White. Höfundarréttur mynda: forsíðumynd eftir Jan White frá leikskólanum Little Brown Hare. Myndir © Jan White, © Jane Wratten, © Liz Edwards, © Menna Godfrey, © Sandfield Natural Play Centre, © Vanessa Lloyd.

Allur réttur áskilinn. Efnið má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.


Þakkir

Kærar þakkir til barnanna, fullorðinna og skólanna sem hafa verið svo almennileg að deila myndum af eigin drullueldhúsum: Acorns Montessori, Jan White, Jane Wratten & Slinn St. STARTers, Liz Edwards, Menna Godfrey & Quackers Playgroup, Sarah Gilding & Little Brown Hare Preschool, Ruth Sharpe, Liz Magraw & Hind Leys Preschool & Natural Play Centre, Suzanne Scott, Ann Thompson & Sandfield Natural Play Centre, Vanessa Lloyd & Christchurch County Primary School.

Fyrirvari

Höfundur og útgefandi geta ekki tekið ábyrgð á notkun hugmynda og leiðbeininga í þessum bæklingi. Eins og með allt í leikskólastarfi þá er nauðsynlegt að gæta fyllsta öryggis og taka mið af barnahópnum, svæðinu og aðstæðum hverju sinni.

Upplýsingarnar og hugmyndirnar hér á eftir eru settar fram til að auka skilning og sjálfsöryggi starfsfólks með það markmið að þróa drulluleik og drullueldhús með hópum. Höfundurinn gerir engar kröfur á að upplýsingarnar í þessum bæklingi séu endanlegar. Einnig getur hvorki höfundur né aðrir sem koma að, tekið á sig lagalega ábyrgð á skaða, meiðslum, tjóni, missi og ákærum sem gætu orðið af notkun þeirra leiðbeininga sem hér er lýst.



Þessi bók er tileinkuð öllum börnunum sem hafa sýnt okkur gleðina sem fellst í að drullumalla og öllum starfsmönnum sem ögra viðmiðum og leyfa ungum börnum að vera úti í náttúrulegu og merkingarbæru umhverfi.

Efnisyfirlit

- 1 Opnum út
- 2 Saga drullueldhússins.
- 3 Láttu vaða ! - leiðarvísir að drullueldhúsi.
- 5 Veldu svæði
- 9 Settu upp svæðið
- 13 Láttu það passa
- 17 Finndu til það sem þarf
- 19 Taktu til hendinni!
- 21 Að vera góður aðstoðarmaður
- 23 Að kafa í merkingu drulluleiks
- 25 Heilbrigði og öryggi
- 29 Leiðir að náttúrulegum leik – hvernig er hægt að leika og læra úti?



Margt hefur áunnist síðasta áratuginn til að tryggja aðgang allra ungra barna að leik og því námi sem fram fer í gegnum leik, ekki hvað síst utandyra. Það er víðtæk samstaða í Bretlandi á milli aðila eins og ríkisstjórnar, kennara og foreldra um að leikur utandyra skipti máli og að útinám sé mikilvægt - og í auknum mæli, að útinám sé jafn mikilvægt námi innandyrna.

Á þessari vegferð hafa margir skólar verið að prófa sig áfram í útinámi og leik. Margir hafa þurft að útvíkka hugmyndir um útiveru og hvers konar útisvæði henti útinámi, eins og t.d. skógarsvæði, strendur, götur, sem og hvernig svæðin gagnist ungum börnum. Það eru spennandi tímar framundan hjá áhugafólki um útinám og leik.

Þrátt fyrir þetta glíma margir skólar við erfitt aðgengi að útisvæðum og óspennandi leiksvæðum. Þeir hafa takmarkað fjármagn til að hanna svæðið, kaupa efnivið, þjálfa starfsfólk o.s.frv. Starfsfólk er rétt að hefja sína vegferð í að vinna utandyra og foreldrar eru ekki enn sannfærðir um kosti útinámsins.

Það er enn að mörgu að hyggja! Útinám býður upp á endalausa möguleika fyrir ung börn: **Hvernig getum við opnað betur þessa fjársjóðskistu?**

Opening Up The Outdoors er byggt á ótrúlegum árangri Mud Play eftir Jan White og Liz Edwards. Markmiðin eru að deila þeirri sýn að börn þrífist í útiveru bæði lengur og oftar, að útisvæðið bjóði upp á innihaldsríkt námsumhverfi þar sem verkefnin eru raunveruleg, gefandi og ánægjuleg. Opening Up The Outdoors nálgast verkefnið frá þremur hliðum og til langtíma með því að svara spurningunum; af hverju (**WHY**), hvað (**WHAT**) og hvernig (**HOW**) er gæða útinám.



Saga drullueldhússins

Árið 2011 settu prófessor Jan White og Liz Edwards á stofn **Mud Play** sem hafði það markmið að auka skilning, mikilvægi, gildi og fjölbreytni reynslunnar af leik með drullu, ásamt því að styðja starfsmenn til að ná þessum markmiðum (Making a Mud Kitchen 2011).

Fyrir þennan tíma voru aðeins fáir skólar sem buðu upp á leik með drullu eða voru með drullueldhús. Bæklingurinn **Making a Mud Kitchen** var fyrst gefinn út rafrænt og var aðgangur frír í tilefni af alþjóðlega Drulludeginum í júní 2012 (**International Mud Day**). Á innan við ári var búið að hala honum niður 20.000 sinnum og gefa 17.000 frí eintök af útprentuðum bæklingnum á ýmsum ráðstefnum og námskeiðum víða um Bretland (í boði Muddy Faces). Viðbrögðin voru ótrúleg og endurgjöfin mjög jákvæð. Sönnun þess hversu vel gekk er að á fimm árum voru drullueldhús orðin almennt þekkt og notuð á útisvæðum í fjölda skóla í Englandi.

Í dag eru vel yfir 65.000 niðurröl um allan heim og bæklingurinn Making a Mud Kitchen hefur verið þýddur á 9 tungumál. Velsku, ungversku, portúgölsku, spænsku, ítölsku, grísku, þýsku, króatísku, og frönsku (allt til fyrir niðurhal á síðunni hjá **muddyfaces.co.uk/outdoor hub**). Bæklingurinn hefur líka verið prentaður út og dreift á portúgölsku og ítölsku, þar sem stærstu þarlandu tímaritin, sem fjalla um fyrstu árin, hafa gefið áskrifendum frí eintök.

Leikur með drullu er nú orðinn að venju en ekki undantekningu.

Drullueldhús eru áhrifarík leið til að auka fjölbreytileika útínáms því þau hvetja til leiks þar sem börn kanna umhverfið, bæði það náttúrulega og það félagslega.

Láttu vaða ! - leiðarvísir að drullueldhúsi.

Það er fátt mikilvægara í veröldinni en jörð og vatn sem eru sannarlega forvitnileg efni, sérstaklega þegar þau verka á víxl.

Að blanda saman jarðvegi, vatni og ýmsum öðrum náttúrulegum efniviði gegnir mikilvægu grundvallarhlutverki á fyrstu árunum og hefur endalausa möguleika á vellíðan, þroska og námi. Breiddin og dýptin sem reynsla af þessu tagi býður ungum börnum er sannarlega merkileg.



Drullueldhús bjóða uppá allt aðra möguleika heldur en opið drullusvæði, auk þess sem það er auðveldara að halda utan um þau. Í drullueldhúsi má finna sömu þætti og í hinum vinsæla dúkkukrók eða eldhúskrók innandyrna, þætti sem hægt er að auðga með kostum útiverunnar.

Drullueldhús virka allt árið um kring og það þarf að líta á þau sem grundvallarefnivið á útisvæði. Drullueldhús þurfa ekki að vera fín og sannarlega ekki dýr. Það er ekkert betra en að búa til einfalt og persónulegt drullueldhús úr hlutum sem finnast í umhverfinu og eru gamlir og úr sér gengnir á öðrum stöðum. Mundu bara að bestu drullueldhúsin eru búin til í samvinnu við börnin sem munu nota þau.



Veldu svæði

Eldhúsið þarf að hafa handhægan og nægan grunnefnivið sem er sandur og/ eða drulla. Að bjóða upp á bæði sand og drullu gefur möguleika á andstæðum í lit, áferð og hvernig efnin haga sér við blöndun - sem og fleiri möguleika fyrir ímyndunaraflið. Að staðsetja eldhúsið nálægt sandkassa eða drullusvæði gæti sett það í samhengi og gefið því merkingu en stórir pottar eða balar með þessum grunnefniviði duga alveg, helst á jörðu niðri með auðveldu aðgengi. Drullueldhús sem hefur vegg, girðingar eða annað lóðrétt yfirborð á einni eða tveimur hliðum, býður uppá möguleika að hengja upp potta og áhöld eða að setja upp hillur, til að það sé líkara eldhúsi og auðveldara í notkun.

Horn býr einnig til herbergis-tilfiningu sem er notaleg, örugg og rannsóknir hafa sýnt að það bjóði upp á gott tækifæri til hlutverkaleiks hjá ungum börnum.





Nauðsynlegt er að hafa **aðgang að vatni** en vatnið þarf ekki að vera í eldhúsinu eða nálægt því, þar sem börn hafa gaman af að fylla ílát, bæði stór og smá og bera á milli til að nota í eldhúsinu. Gott er að passa upp á að hafa misstór ílát í þetta verkefni og nóg af vatni (helst rennandi), til dæmis virkar útikrani, vatnstunna eða stórt ílát með vatni.

Möl, steinar og annar náttúrulegur efniviður eru eðlilegir fylgifiskar drullumalls. Ef þessi efniviður er ekki til staðar á útisvæðinu er gott að birgja sig upp af stórum ílátum, fullum af þessum efniviði (hafið í huga að vatnið geti lekið í burtu ef þið geymið ílátin úti).

Gróður er einnig mikilvægur efniviður fyrir gott drullueldhús. Þessi efniviður getur verið hvar sem er - börnin þurfa einungis leyfi til að tína og safna - ásamt sameiginlegum ramma og reglum til þess að gróðurinn lifi áfram og haldi áfram að skaffa! Tilvalið væri að hafa mikið af harðgerðum gróðri sem auðvelt er að tína út um allt útisvæðið.



Ein hugmynd í lokin er að staðsetja drullueldhúsið nálægt svæðum þar sem svipaður leikur á sér stað. Þessi svæði munu styðja við drullueldhúsið og öfugt og auðga þannig reynslu barnanna.



Settu upp svæðið

Eldhúsin geta verið af öllum stærðum og gerðum, en stærðin mun hafa áhrif á tilfinninguna sem skapast á svæðinu og líklega þar af leiðandi á virknina. Mikilvægt er að hafa pláss fyrir nokkur börn til að vinna saman eða samhliða. Stórt opið eldhús gæti skapað ærslafyllri og fjörugri leik.



Val um bæði lítið og stórt eldhús væri því kjörið fyrir leikskóla. Girðing eða skjólveggur þar sem börnin geta samt horft yfir, skapar oft gott andrúmsloft. Þak er ekki nauðsynlegt þar sem það gæti útilokað að veðrið setji svip sinn á leikinn, skert útsýni og hamlað leik frekar en örvað hann.





Eldhús geta verið í miðjum sandkassa og virkað vel en hafa þá ekki þessa sérstöðu sem sér svæði. Þegar reynt er að girða eldhússvæðið af er mikilvægt að hafa það samt sem áður hluta af útisvæðinu, með **auðveldu aðgengi** og að það sé hægt að sjá inni og útúr því. Einnig þarf eldhúsið að virka með öðru sem er í gangi utandyra.

Vinnuborð eru úrslita atriði. Þau þurfa að vera í réttri hæð fyrir börnin og bjóða uppá nægt vinnupláss fyrir allt sullið sem skapandi eldhúsvinna felur í sér.

Hillur og skápar gera mikið fyrir tilfinninguna og virknina í eldhúsinu. Það hjálpar mikið ef hver pottur og áhald á sinn stað (samanborið við kassa fullan af dóti) þar sem auðvelt er að nálgast þau.

Krókar á veggjum eða framan á hillum (varist að hafa þá í augnhæð barnanna).

Körfur til að sortera búsáhöld geta verið gagnlegar.

Að lokum þarf að hugsa um hvert á að láta **afraksturinn** sem kemur úr eldhúsinu eftir notkun.





Láttu það passa

- ✱ Gamall skápur eða tveir; kommóða er fullkomin!
- ✱ Vinnuborð með nægu vinnuplássi.
- ✱ Eitthvað til að nota sem eldavél/ bakaraofn í þykjustuleik og hægt er að opna og loka eða er með tökkum til að ýta á.
- ✱ Hillur fyrir ofan eða aftan við vinnuplássið eða hár skápur til hliðar.
- ✱ Gott úrval af pottum, pönnum, könnum, trektum, bökunarformum o.s.frv. Áhugavert safn af venjulegum eldhúshöldum ásamt nokkrum forvitnilegum og óvenjulegum áhöldum eins og t.d. ísskeið.
- ✱ Nóg af skálum og ílátum, aftur fullt af venjulegum ásamt nokkrum sérstökum ílátum eins og t.d. ísmolaform.





- ✱ Birgðir af náttúrlegum efniviði í litlum ílátum **og/eða krukkum** (áföst lok eru sniðug til að þau týnist ekki).

- ✱ **Gróður** til að tína, blanda við og mala.

- ✱ **Viðbót** fyrir sérstök tilefni, t.d. matarlitur, ilmolíur, jurtir og krydd, krítar til að mylja og blanda auk sérstaks efniviðar sem getur hjálpað til við að útbúa töfraduft og seyði.

- ✱ **Stór bali** til að vaska upp, endilega hafa hann ofan í vinnuborðinu. Það hjálpar til ef uppvaskið og frágangurinn er hluti af leiknum.





Finndu til það sem þarf

Bestu drullueldhúsin og þau sem búa yfir mesta sjarmanum eru búin til úr hlutum sem hafa safnast saman eða eru gefnir, sérstaklega ef þeir koma frá heimilum barnanna sjálfra. Það er mikilvægt að kosta ekki miklu til - það sem skiptir máli fyrir börnin er að hlutirnir séu raunverulegir og passi við þau verkefni sem eru unnin í eldhúsi.



Hérna eru nokkrir möguleikar:

Fjölskyldur barnanna og starfsfólksins

- óskið eftir einhverju sérstöku:

hlutum sem eru notaðir í mismunandi menningarheimum; hinn fullkomni litli skápur gæti leynst í bílskúrnum hjá einhverjum.

Nytjamarkaðir - sérstaklega fyrir áhugaverða og óvenjulega hluti sem og matarstell, bókunarvörur og eldhúsáhöld.

Birgjar sem sérhæfa sig í leikföngum og námsgögnum fyrir útiveru. Ekki gleyma síðum eins og Muddyfaces.co.uk





Taktu til hendinni!



Vel útbúið drullueldhús býður ungum börnum að taka þátt í fjölbreyttum athöfnum eins og að fylla, hella, tæma, færa á milli, blanda, hræra, þeyta, freyða, ausa, meðhöndla, mylja, klappa, slétta, merkja, kasta, kljúfa, sletta, skvetta, deila á milli, þjóna, fóðra, safna, tína, skreyta, velja, rífa, kremja, mæla, mauka, mala, sjóða, bæta við, brugga, sigta, sía og aðgreina!

Á sama hátt eru möguleikar á **fjölbreyttri reynslu** eins og að; flokka, elda, breyta, skapa, reyna, prófa, endurtaka, uppgötva, nefna hluti, skreyta, selja og nota.

Þessar athafnir og þessi reynsla örvar ímyndunaraflið og gerir það að verkum að blanda sem er útbúin verður auðveldlega að kaffi með sykri, afmælistöku, súpum og kásum, ís í mörgum bragðtegundum, kremi, snyrtivörum, töfradrykkjum, galdradufti og ilmvatni. Þessar athafnir eru persónulegar og hafa félagslegt gildi. Þær bjóða uppá tækifæri til að læra í gegnum leikinn, bæta við orðaforða og efla tjáningu.





Að vera góður aðstoðarmaður

Aðalhlutverkið sem hinir fullorðnu þurfa að sinna er að leiðbeina og virkja - sjá til þess að eldhúsið sé tiltækt (besta leiðin er að hjálpa börnunum að búa það til samkvæmt eigin forskrift) og styðja við sjálfsprottinn leik barnanna.

Góður stuðningur fullorðinna felst í að fylgjast með (taka eftir hvað á sér stað), reyna að skilja (viðurkenna mikilvægi leiksins fyrir barnið eða barnahópinn) og bregðast við á viðeigandi hátt (sem gæti þýtt að halda sig til hlés).

Að setja orð á hluti, athafnir og lýsingar getur verið mjög hjálplegt svo lengi sem það sé gert í samhengi og trufla ekki leikinn sjálfan.

Það er svo marga í leiknum í drullueldhúsinu sem hefur djúpa merkingu fyrir börn að hlutverk áhorfandans/hins fullorðna er mjög mikilvægt.

Hinir fullorðnu skilja ekki alltaf mikilvægi og verðmæti þessa leiks og eru honum jafnvel mótfallnir.

Hlutverk kennara er að lýsa því sem á sér stað og vera málsvari fyrir leik með drullu og er því mjög mikilvægt. Stuðningur hinna fullorðnu felst stundum í að túlka hvað á sér í rauninni stað og rökstyðja mikilvægi drulluleiksins fyrir öll börn.





Að kafa í merkingu drulluleiks

Ung börn eru forvitin að eðlisfari og líffræðilega forrituð til að kanna efnir jarðar, hvernig efnin haga sér og hvað þau gera.

Að tengja gegnum uppgötvanir og að rannsaka orsök og afleiðingu þroskar heilann og er vísindalegt ferli. Forvitnin, hrifningin og ánægjan af að uppgötva er mannum í grundvallaratriðum mikilvæg og hlutiv af því að vera manneskja.

Jafnvel enn öflugri reynsla fyrir könnuðinn er að hann lætur hlutina gerast, það gefur tilfinningu fyrir stjórn og valdi sem með tímanum styrkir sjálfstæði hans (lykill að vellíðan og geðheilsu).

Ferlið að blanda saman efnum, sameinar algjörlega heima vísinda og lista í gegnum möguleikahugsun.

Ímyndunaraflið og sköpunarkrafturinn þroskast við raunverulega reynslu af orsök og afleiðingu.

Þegar við drögum ályktanir og spáum fyrir um 'hvað ef...?' Góðir vísindamenn gera þetta öllum stundum sem og listamenn og aðrir frumkvöðlar.

Jafnvel betra, reynsla barnsins af því að búa til blöndur færir það á vettvangi galdra og ímyndunarafls og minnir okkur á heillandi heim fornra gullgerðalistar.





Heilbrigði og öryggi

Fyrst og fremst eiga börn að vera örugg á meðan þau upplifa og reyna við þætti sem þau þurfa til að ná eðlilegum þroska. Okkar hlutverk er að gefa börnum þetta tækifæri á öruggan hátt - ekki taka það í burtu vegna mögulegrar hættu.

Snerting við mold er gagnleg, þar sem bakteríur sem þar þrífast hjálpa til við að byggja upp heilbrigt ónæmiskerfi í ungum börnum – fyrir frekari upplýsingar sjá *Why Dirt is Good* eftir Mary Ruebush (Kaplan Trade 2009). Rannsóknir halda því einnig fram að snertingin byggji upp serótónín í líkamanum - sem lætur okkur líða vel! Læknisfræðilegar tilgátur um hollustu telja að snerting við gagnlegar bakteríur sem eru í kringum okkur sé nauðsynleg og að nútíma hreinlæti gæti verið börnum skaðlegt. Mold getur hins vegar einnig innihaldið hættulegar bakteríur frá til dæmis köttum og hundum og þarf að gæta vel að því að fjarlægja allan hunda og kattaskít í burtu. Gott getur verið að fjárfesta í mold frá öruggum aðila til að nota í drullueldhús frekar en að sækja hana frá stöðum sem við þekkjum ekki til (gróðrarstöðvar selja mold, ekki reyna við lífrænan úrgang þar sem hann hagar sér ekki eins og mold fyrir ánægjulegan drulluleik). Sjá bók Jan White, *Playing and Learning Outdoors* (Routledge 2014).

Handþvottur er nauðsynlegur eftir leik í moldinni. Börn og starfsfólk verða að koma sér upp í sameiningu, venjum og væntingum sem auðvelt er að fylgja eftir og setja inn í dagskipulagið. Góð regla væri að börnin byrjuðu á því þrífa potta og pönnur í volgu sápuvatni að leik loknum.





Einnig þarf að passa að allir séu vel klæddir og í þægilegum fatnaði. Drullueldhúsið býður upp á leik sem er oft bæði blautur og skítugur. Regngalli og stígvél eru yfirleitt sá fatnaður sem passar best fyrir þennan leik og hægt er að nota allt árið um kring. Staður til að skola drullu af göllum og annar til að henga til þerris ættu að vera til staðar.

Besta leiðin til að meta hættur er að hafa börnin með í ráðum, kynna vel fyrir þeim ný áhöld og útskýra skýrt og greinilega. Hægt er að spyrja börnin hvort þau sjái einhverja hættu og þá hvernig er best að varast hana. Pottar og pönnur þurfa að vera í góðu ástandi og vera þvegnar og þurrkaðar sæmilega oft til þess að forðast rið og skemmdir. Passa upp á hvernig hlutir eru geymdir, til dæmis í kórfum eða kössum með góðu aðgengi.





Leiðir að náttúrulegum leik – hvernig er hægt að leika og læra úti?

Búum til drullueldhús (2. útgáfa 2019) er einn af **GATEWAY** bæklingunum sem Early Childhood Outdoors og Muddy Faces eru að þróa í sameiningu til að styðja við markmið **Opening Up The Outdoors** um að hafa frumkvæði að því að segja frá hvernig (**HOW**) eigi að gera hlutina úti.

Sameiginleg sýn á mikilvægi útiveru og útináms á fyrstu árum barnsins kemur vel fram í aðalbæklingnum **Valuing the Outdoors** sem er hægt að kaupa af vefsíðu muddyfaces.co.uk

Hver og einn bæklingur frá **GATEWAY** tekur fyrir ákveðinn þátt útiverunnar. Hver bæklingur segir frá einfaldri og auðveldri leið til að þróa og framkvæma hvern þátt, sem í raun opnar á fleiri möguleika útsvæðisins heldur en virðist við fyrstu sýn. Fleiri bæklingar eru í farvatninu þar sem meðal annars er fjallað um ákveðna þætti eins og leik í rigningu, opinn efnivið, smíðavinnu, leik með kofa/skjól og sögustundir.

Að opna hvert hlið eða þátt fyrir sig er góð byrjun til þess að virkja útiveruna, bjóða uppá verðuga og ánægjulega könnunarleiðangra og leiktækifæri – með þessu framlagi er verið að opna fyrir alla þá möguleika sem leikur og nám í útiveru hefur upp á að bjóða og gefa öllum börnum tækifæri til að þrífast og vaxa. Hægt er að nálgast allar upplýsingar um bæklingana þegar þeir verða tilbúnir á www.muddyfaces.co.uk/outdoor-hub







Early Childhood
Outdoors

Miðstöð útileiks, útináms og vellíðunar

Early Childhood Outdoors ECO er fyrirtæki sem leitast við að auka gæði og lengd útiveru hjá ungum börnum í Bretlandi. Fyrirtækið stuðlar að samvinnu og auðveldar alla vinnu sem snýr að þróun, kennslu, rannsóknum og hönnun, með því að bjóða upp á stuðning á þessum vettvangi og þannig hámarka áhrifin.

Markmiðin eru að tengja saman einstaklinga og samtök til að búa til stuðningsnet og dýpka kennslufræði sem fjallar um að vera, leika og læra utandyra.

www.earlychildhoodoutdoors.org



MUDDYFACES

Forest School, Outdoor Play & Learning Resources

Muddy faces selur efnivið til útileiks og náms. Efniviðurinn er þróaður af notendum til þess að styðja við hópa til að vera utandyra, tengjast náttúrunni og kröftum hennar.



Out door Hub er frí auðlind á netinu sem býður uppá hugmyndir, verkefni, viðburði og upplýsingar.

www.muddyfaces.co.uk

